

Öryggisblað (MSDS)

Skv. reglug. 415/2014 (CLP), reglug. 750/2008 (REACH).



1. Auðkenning efnis eða blöndu og upplýsingar um fyrirtæki.

1.1. Auðkenni vöru

Söluheiti vöru: **Methanol**
 Tilvísunarnúmer: 14003
 Samheiti efnis: Methanol, Methyl alcohol, tréspíri.
 Gerð vöru: Hreint efni, vökvi.
 Reach skráningarnr: 01-2119433307-44

1.2. Viðeigandi og tilgreind notkun efnisins eða blöndunnar og notkun sem ráðið er frá

Notkun vöru: Sjá viðauka með MSDS framleiðanda.
 Fraráðin notkun: Ekki er mælt með neinni annarri notkun en þeirri sem tiltekin er í viðauka sem fylgir MSDS framleiðanda.

1.3. Upplýsingar um fyrirtækið sem lætur gera öryggisblaðið

Fyrirtæki: SKELJUNGUR hf. Borgartúni 26 105 Reykjavík Sími 444 3000
www.skeljungur.is

Tengiliður fyrirtækis: msds@skeljungur.is

Útgáfudagsetning: 23.02.2016
 Útgáfa: 1,0
 Gerð öryggisblaðs: EFNAVERND ehf. Reykjavík <http://efnavernd.is>

1.4. Neyðarsímanúmer:

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112
 Eiturefnamiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími 543 2222

2. Hættugreining.

2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar

Flokkun skv. reglugerð nr.750/2008 með síðari breytingum (REACH)

-

Flokkun skv. reglugerð nr. 415/2014 með síðari breytingum (CLP)

Eldfimir vökvar, fl. 2	H225
Bráð eiturhrif, inntaka, fl. 3	H301
Bráð eiturhrif, húð, fl. 3	H311
Bráð eiturhrif, innöndun, fl. 3	H331
Sértæk eiturhrif á marklíffæri, váhrif í eitt skipti, fl. 3 (SEM-VES 1)	H370

Helstu hættur

Eðlisræn hættu: Mjög eldfimur vökvi og gufa.
 Heilsufarshættu: Eitrað við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Skaðar líffæri.
 Umhverfishættu: -

2.2. Umbúðamerkingar

Umbúðamerkingar skv. reglugerð 415/2014 með síðari breytingum (CLP)

Hættumerki:

Viðvörðunarorð: Hætta

Innihaldsefni: Metanól

Hættusetningar (H): H225 Mjög eldfimur vökvi og gufa.
 H301 Eitrað við inntöku.
 H311 Eitrað í snertingu við húð.
 H331 Eitrað við innöndun.
 H370 Skaðar líffæri.

Varnaðarsetningar (P)

Almennar: -

Forvarnir: P210 Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikjuöldum - Reykingar bannaðar.

P260 Andið ekki að ykkur ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.

P280 Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífur/andlitshlífur.

Viðbrögð:

P301 + P310 EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.

P302 + P352 BERIST EFNID Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni og sápu.

P304 + P340 EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafði hann í stellingu sem léttir öndun.

P312 Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ/lækni ef lasleika verður vart.

Geymsla:

P403 + P235 Geymist á vel loftræstum stað. Geymist á köldum stað.

Förgun: -

Viðbótarupplýsingar: -

Takmarkanir á notkun: Takmarkanir geta verið á notkun þungaðra kvenna og kvenna með börn á brjósti á efninu, sem fara þarf eftir.

2.3. Aðrar hættur

Aðrar hættur:

Hvarfast við málma með myndun á vetnisgasi.

Brennur með ósýnilegum loga. Við ófullkomin bruna getur myndast eitrað kolmónoxíð. Gufa/úði efnisins myndar eldfima/sprengifima blöndu með andrúmslofti.

Metanól getur valdið sjónskerðingu eða blindu. Skaðleg þéttni í lofti myndast mjög hratt við uppgufun við 20°C og enn hraðar við úðun.

Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.

3. Samsetning/upplýsingar um innihaldsefni.

CAS-nr.	EB-nr.	Efnaheiti	Magn, %	Flokkun, CLP/REACH
67-56-1	200-659-6	Metanól	> 99,85	Eldf. vökvi 2 H225 Bráð eit. 3 H301, H311, H331 SEM-VES 1 H370

Varnaðarmerkingar, sjá kafla 2.

Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.

4. Skyndihjálp.

4.1. Lýsing á skyndihjálparaðgerðum

<i>Almennt:</i>	LEITIÐ ALLTAF LÆKNIS EF SLYS VERÐUR AF VÖLDUM EFNISINS. Reynið aldrei að gefa meðvitundarlausum einstaklingi fæðu eða vökva.
<i>Við innöndun:</i>	Tryggið hreint loft og hvíld í uppréttri stöðu. Gefið súrefni og/eða veitið öndunarhjálp ef slasaði á erfitt með öndun eða hún hefur stöðvast. Leitið læknis eða hafið samband við eitrunarmiðstöð ef lasleika verður vart.
<i>Snerting við húð:</i>	Fjarlægið fót og skó sem mengast hafa af efninu og þvoið húðina vel (í a.m.k. 20 mín.) með nægu vatni og mildri sápu (farið í sturtu ef þarf). Leitið læknis.
<i>Snerting við augu:</i>	Skolið strax vel með nægu vatni í a.m.k. 15 mínútur með augað vel opið. Fjarlægið snertilinsur ef við á. Leitið læknis.
<i>Inntaka:</i>	Framkallið EKKI uppköst. Skolið munninn með vatni. Leitið strax læknis eða flytjið slasaða á sjúkrahús.

4.2. Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Áhrif, einkenni: Sjá kafla 11.

4.3. Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á

Upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsfólk:

Meðhöndlun við metanóleitrun. Seinkuð einkenni/eitrunareinkenni geta komið fram 18-36 klst. (eða seinna) eftir snertingu við efnið. Slasaði þarf því að vera undir lækniseftirliti í nokkurn tíma eftir slys.

5. Viðbrögð við eldsvoða.

5.1. Slökkviefni/búnaður

Heppileg slökkviefni: Duft, alkohólþolin froða, kolsýra, vatnsúði.

Óæskilegur búnaður: Notið ekki háprýsta vatnssprautu.

5.2. Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar

Sérstakar hættur: Við bruna geta myndast kolefnisoxíð og reykur. Gufa efnisins myndar greiðlega eldfíma/sprengifíma blöndu með andrúmslofti.

5.3. Ráðleggingar fyrir slökkviliðsmenn

Hlífðarbúnaður: Notið viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki við slökkvistörf.

Sérstakar aðferðir: Kælið lokaðar umbúðir með efninu á hættusvæðinu með vatnsúða. Hindrið að mengað vatn frá slökkvistarfi berist út í umhverfið.

6. Ráðstafanir vegna efnaleka.

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neydarráðstafanir

Öryggisráðstafanir: Fjarlægið allt sem valdið getur íkveikju og reykið ekki. Rýmið hættusvæðið. Loftræstið rýmið þar sem lekinn varð. Forðist innöndun gufu eða úða og snertingu við augu, húð og fatnað.

Hlífðarbúnaður: Notið persónuhlífar skv. kafla 8 við hreinsunarstörf.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Varúðarráðstafanir: Stöðvið lekann ef hægt er að gera það á öruggan hátt. Hindrið dreifingu efnisins t.d. með skurðum eða ruðingum úr óvirkum efnum. Hindrið að efnið berist í niðurföll, jarðveg eða vatn í umhverfinu.

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Efnaleki: Notið óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til endurvinnslu eða förgunar. Skolið mengað svæði vel með miklu vatni.

6.4. Tilvísanir í aðra kafla

Tilvísanir: Sjá kafla 8 fyrir upplýsingar um persónuhlífar.
Sjá kafla 13 fyrir upplýsingar um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla.**7.1. Varúðarráðstafanir fyrir örugga meðhöndlun**

Meðhöndlun: Athugið að efnið GETUR BORIST Í LÍKAMANN Í GEGNUM HÚÐ! FORÐIST ÚÐAMYNDUN! HREINLÆTI ÞARF AÐ VERA GOTT. (Þungaðar) konur mega ekki vera í snertingu við efnið. Gufa/úði efnisins getur myndað eldfima/sprengifima blöndu með andrúmslofti sem er þyngri en loftið og getur dreifst eftir gólfum og valdið íkveikju fjarri upprunastað. Fjarlægið allt sem valdið getur íkveikju og reykið ekki. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafragnni. Jarðtengið umbúðir og áhöld. Notið neistavarin áhöld. Notið ekki þrýstiloft til að hræra í efninu eða við áfyllingu, tæmingu eða vinnslu. Forðist innöndun gufu eða úða og snertingu við augu, húð og fatnað. Notið persónuhlífar skv. kafla 8. Þvoið hendur fyrir og eftir notkun efnisins. Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur. Greiður aðgangur þarf að vera að vatni/öryggissturtu og augnskolunarbúnaði.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna hvers konar ósamrýmanleika

Geymsla: Geymið aðeins í upprunalegum umbúðum vel lokuðum á þurrum, köldum, dimmum, vel loftræstum og eldtraustum stað. Öll hættuleg efni á að geyma á lekabakka eða í tunnum. Geymið fjarri oxunarmiðlum sterkum sýrum, léttmálmum. Æskilegt umbúðaefni er galvanhúðað kolefnisstál, ryðfrítt stál. Notið ekki ál, blý eða málmböndur sem innihalda blý, zink, sum gerfiefni, gúmmí, húðunarefni.

Ósamrýmanleiki: Oxunarmiðlar, sterkar sýrur, léttmálmar.

7.3. Sértek endanleg notkun

Sértek notkun: -

8. Váhrifavarnir/persónuhlífar.**8.1. Mengunarmörk**

Mengunarmörk skv. reglugerð 390/2009 ((MG) = meðalgildi fyrir 8 klst., (PG) = þakgildi):

Metanól: (MG) 200 ppm 260 mg/m³

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar aðgerðir: Tryggið fullnægjandi almenna loftræstingu og notið einnig punktsog frá notkunarstað. Greiður aðgangur þarf að vera að vatni/öryggissturtu og augnskolunarbúnaði við vinnusvæði.

Persónuhlífar:

Öndunartæki: CE-viðurkennd öndunartæki fyrir lífrænar gufur og leysa (gerð AX, brún).

<i>Fyrir augu:</i>	Lokuð hlífðarglæraugu eða andlitshlíf.
<i>Fyrir hendur:</i>	Hlífðarhanskar (EN 374) úr 0,7 mm bútýlgúmmí með gegndræpitíma > 480 mínútur. Veljið hlífðarhanska í samráði við söluaðila þeirra m.t.t. efnis, aðstæðna, endingar og gegndræpitíma.
<i>Fyrir húð:</i>	Viðeigandi hlífðarfatnaður.
<i>Hreinlæti við vinnu:</i>	Hreinlæti þarf að vera gott. Þvoið hendur og aðra líkamshluta sem verða fyrir snertingu við efnið fyrir hlé og eftir vinnu.
<i>Umhverfið:</i>	Hindrið að efnið berist í niðurföll, jarðveg eða vatn í umhverfinu.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

9.1. Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika

<i>Ástand:</i>	Vökvi við 20°C
<i>Útlit:</i>	Tær, litlaus
<i>Lykt:</i>	Stingandi Lyktarmörk eru 0,75 mg/m ³
<i>Sýrustig (pH):</i>	-
<i>Suðumark:</i>	65°C við 1013 hPa
<i>Bræðslumark:</i>	-98°C
<i>Blossamark:</i>	9,7°C
<i>Sprengimörk:</i>	5,5-4,4% rúmmáls
<i>Eldnærandi:</i>	-
<i>Sjálfkveikja:</i>	455°C Lágmarks orkuþörf til íkveikju er 0,14 mJ
<i>Niðurbrotshitastig:</i>	-
<i>Gufuþrýstingur:</i>	12,9 kPa við 20°C 55,2 hPa við 50°C
<i>Gufuþéttni:</i>	1,1 (loft = 1) Hlutfallsleg þéttni mettaðrar loftblöndu er 1,01 (loft = 1)
<i>Uppgufunarhraði:</i>	2,1 (bútýlasetat = 1) 5,3 (eter = 1)
<i>Rokgjörn efni:</i>	100% (af þyngd)
<i>Eðlisþyngd:</i>	0,79-0,80 kg/l
<i>Seigja:</i>	0,544-0,597 mPas (dýnamísk) við 20°C
<i>Leysni:</i>	Leysist fullkomlega í vatni
<i>Deilistuðull:</i>	Log P oktanól/vatn er -0,7 við 20°C

9.2. Aðrar upplýsingar

<i>Yfirborðsspenna:</i>	22,61 mN/m við 20°C
<i>Markþrýstingur:</i>	7952 kPa
<i>Markhitastig:</i>	240°C
<i>Mettunarstyrkur:</i>	166 g/m ³
<i>Annað:</i>	-

10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni: Hvarfast kröftuglega við oxunarmiðla og sterkar sýrur.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki: Stöðugt við venjulegar aðstæður.

10.3. Möguleg hættuleg efnahvörf

Hættuleg efnahvörf: Gufa efnisins getur myndað eldfima/sprengefima blöndu með andrúmslofti. Getur hvarfast við málma með myndun á vetnisgasi. Við ófullkomin bruna getur myndast eitrað kolmónoxíð.

10.4. Skilyrði sem þarf að varast

Skilyrði: Hár hiti, raki, beint sólarljós.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni sem skal varast: Oxunarmiðlar, sterkar sýrur, léttmálmur.

10.6. Hættuleg niðurbrotsefni

Hættuleg myndefni: Kolefnisoxíð, vetni, formaldehýð.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Helstu áhrifaleiðir: Innöndun, húð, inntaka.

Áhrif við innöndun: Eitrað. Hár styrkur getur valdið minnkaðri meðvitund eða miðtaugakerfisbælingu með starfstruflunum, sjóntruflunum, skjálfta, og hjartaáföllum. Eitrunareinkenni geta verið svimi, höfuðverkur, hósti, ógleði, uppköst, kviðverkir, syfja, öndunarerfiðleikar, meðvitundarleysi.

Áhrif á augu: Efnið getur valdið sjónskerðingu eða blindu ef það berst í líkamann.

Áhrif á húð: Roði. Eitrað í snertingu við húð. Efnið er tekið upp í líkamann í gegnum húð. Þurrkar húðina og getur valdið exemi.

Áhrif við inntöku: Eitrað. Getur valdið blóðsýringu. Áhrif og einkenni annars þau sömu og við innöndun.

Bráð eiturhrif: LC50 (innöndun, rottur): 128,2 mg/l/4 klst.
LD50 (inntaka, rottur): 1187-2769 mg/kg (15-35% lausn)
LD50 (húð, kanínur): 15800-17100 mg/kg

Langvinn áhrif: Ekki talið vera stökkbreytivaldandi eða hafa skaðleg áhrif á frjósemi. Ekki talið valda ofnæmi. Dýratilraunir benda til að efnið geti haft skaðleg áhrif á hjarta, miðtaugakerfi, lifur.

12. Vistfræðilegar upplýsingar.

12.1. Eiturhrif

Eiturhrif: LC50 (fiskur, *Lepomis macrochirus*): 15400 mg/l/96 klst. (OECD 203)
EC50 (þörungur, *Pseudokirchneriella subc.*): 22000 mg/l/96 klst. (OECD 201)
EC50 (liðdýr, *Daphnia magna*): > 10000 mg/l/48 klst. (OECD 202)

12.2. Þrávirkni og niðurbrotanleiki

Þrávirkni/niðurbrot: Auðlífbrjótanlegt.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun í lífverum: Litlar líkur eru taldar á að efnið safnist upp í lífverum.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi og vatni

Hreyfanleiki: Efnið sest lítt eða ekki í jarðveg.

12.5. Mat á PBT/vPvB*- eiginleikum

PBT/vPvB efni: Nei.

12.6. Önnur skaðleg áhrif

Aðrar upplýsingar: -

* PBT: þrávirk efni sem safnast fyrir í lifverum og eru eitruð
vPvB: mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lifverum í miklum mæli.

13. Förgun.**13.1. Aðferðir við meðhöndlun úrgangs**

Meðhöndlun úrgangs: Skilist á viðurkennda móttökustöð fyrir spilliefni. Fargið úrgangi og leifum á öruggan hátt og í samræmi við innlendar og alþjóðlegar kröfur.

Úrgangsflokkun: -

Förgun umbúða: Tæmið og lokið umbúðum vandlega. Fargið umbúðum á sambærilegan hátt og vörinni sjálfri.

Endurnýtið eða endurvinnnið ef hægt er. Forðist að mengun berist í niðurföll, vötn, vatnsfarvegi, grunnvatn eða jarðveg. Fargið úrgangi í samræmi við innlendar og alþjóðlegar reglur.

14. Upplýsingar um flutninga.

Flutningur á landi:	ADR-flokkur:	3+6.1	Flokkunarkóði:	-
	SP-númer:	1230	Pökkunarflokkur:	II
	Hættunúmer:	336	Magntakmörkun:	-
	Varúðarmerki:	3+6.1	Gangakóði:	-
	Nafn efnis:	UN 1230 Methanol, 3 (6.1), II, (D/E)		
Flutningur á sjó:	IMDG flokkur:	3+6.1	Pökkunarflokkur:	II
	SP-númer:	1230	EmS:	F-E, S-D
	Varúðarmerki:	3+6.1	Sjávarmengandi:	Nei
	Nafn efnis:	UN 1230 Methanol, 3, (6.1), II, (9,7°C)		
Flutningur í lofti:	IATA flokkur:	3+6.1	Pökkunarflokkur:	II
	SP-númer:	1230	Magntakmörkun:	-
	Varúðarmerki:	3+6.1		
	Nafn efnis:	UN 1230 Methanol, 3 (6.1), II		

Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78 og IBC-kóðanum: -

15. Upplýsingar varðandi regluverk.**15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis**

EB reglugerðir: Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP).
Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

Aðrar reglugerðir: -

Takmarkanir á notkun: Takmarkanir geta verið á notkun þungaðra kvenna og kvenna með börn á brjósti á efninu, sem fara þarf eftir.

15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggisskýrsla: Skýrsla hefur verið gerð.

16. Aðrar upplýsingar.

Dagsetning útgáfu: 23.02.2016

Útgáfa númer: 1,0

Breyttir liðir: -

Öryggisblað gert fyrir: SKELJUNGUR hf. Borgartúni 26 105 Reykjavík Sími 444 3000
www.skeljungur.is

Gerð öryggisblaðs: EFNAVERND ehf. Reykjavík <http://efnavernd.is>

Texti allra hættusetninga í kafla 2 og 3:

H225 Mjög eldfimur vökvi og gufa.

H301 Eitrað við inntöku.

H311 Eitrað í snertingu við húð.

H331 Eitrað við innöndun.

H370 Skaðar líffæri.

Aðrar upplýsingar: -

Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisblöðin eru gerð en fela ekki í sér ábyrgð á eiginleikum vörunnar eða afleiddum afleiðingum af notkun hennar. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda þar sem hún er utan áhrifasviðs framleiðanda.

Þetta öryggisblað er unnið eftir MSDS frá BRENNTAG Nederland B.V., NL-3316 BM Dordrecht, The Netherlands. , dags. 09.11.2015.